



HRAFNAGILSSKÓLI

Sjálfsmatsskýrsla vor 2021

Unnin út frá innra mati skóla 2020-2021



Mat á skólastarfi

Umbótaáætlun skólaárið 2020 – 2021

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Til grundvallar umbótaáætlun er sjálfsmatsskýrslur síðasta skólaárs ásamt öðrum matsgögnum. Til að mynda, kannanir Skólapúlsins á námi og líðan nemenda. Starfsmanna- og foreldrakannanir í Skólapúlsinum. Kannanir meðal kennara og starfsmanna (mat á skólastarfi að vori, mat á jákvæðum aga, mat á starfsháttum o.fl.). Einnig liggur til grundvallar námsmat Hrafnagilsskóla, niðurstöður samræmdra prófa og lesskimana.

Áætlun um innra mat Hrafnagilsskóla 2020 – 2023. Áherslur á hverju skólaári.

Ár	Starfshættir og stjórnun	Nám og líðan	Foreldra-samstarf	Skólaþróun	Grunnþættir menntunar	Umhverfi Sjálfbærni.	Kannanir
2020 – 2021	Skólareglur. Breyttir starfshættir með aukinni tækni. Skjalastefna fyrir skólann.	Líðan, geðheilsa nemenda. Þrautseigja.	Tölvur og tækni. Kynning. Líðan barna. Læsi og lestur.	Breytt vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks. Tölvur og tækni. Útikennsla. Sérkennsla/ stoðþjónusta.	Sjálfbærni. Lýðræði og mannréttindi.	Hvað getum við gert? Taka höndum saman.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Foreldrakönnun í febrúar. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.
2021 - 2022	Breyttir starfshættir með aukinni tækni. Skjalastefna.	Líðan og svefn skólabarna. Næring og hreyfing.	Líðan skólabarna og svefn.	Breytt vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks. Tölvur og tækni. Útikennsla.	Læsi. Heilbrigði og velferð.	Enn betri flokkun og endurnýting allra í samfélaginu.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.
2022 - 2023	Skjalastefna. Breytingar á starfsumhverfi/ nýbygging.	Hreyfing og líðan. Þrautseigja. Nemendarödd Næring.	Sameiginlegt málþing um heimanám. Læsi/lestur.	Tölvur og tækni. Útikennsla. Læsisstefna. Heilsuefning. Námsumhverfi og stoðþjónusta.	Sköpun. Jafnrétti. Nemendalýðræði.	Minnka sóun og minni innkaup. Endurvinnsla. Umhverfið.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Foreldrakönnun í febrúar. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.

Mat á umbótaáætlun skólaárið 2020 – 2021

Dæmi um matsgögn sem liggja til grundvallar:

- Skýrsla og samantekt úr nemendakönnunum Skólapúlsins (lagðar fyrir nemendur í 6. – 10. bekk í október 2020 og apríl 2021).
- Skýrsla og samantekt úr foreldrakönnun Skólapúlsins (lögð fyrir foreldra og forráðamenn í febrúar 2021).
- Skýrsla og samantekt úr starfsmannakönnun Skólapúlsins (lögð fyrir starfsmenn skólans í mars 2021).
- Starfsmannakönnun Hrafnagilsskóla (lögð fyrir starfsfólk í júní 2021).
- Fundagerðir skólaráðs 2020 – 2021.

I hluti – Starfshættir og stjórnun

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Skólareglur	Skólaárið	Endurskoðun skólareglna.	Endurskoðaðar í heild sinni. Unnið í skólaráði og á kennarafundum.	Stjórnendur.	Vor 2021	Skólareglur samþykktar að nýju eftir endurskoðun.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.
Skólareglur	Skólaárið	Gera skólareglur sýnilegri.	Hafa skólareglur á heimasíðu skólans og á göngum.	Stjórnendur.	Vor 2021	Birtar á heimasíðu og á göngum.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.
Skjalastefna	Skólaárið	Skjalastefna gerð fyrir skólann.	Farið í gegnum skjalageymslu og grisjað. Farið með skjöl í Héraðskjalasafn. Skjalastefna mynduð og grisjun í áföngum.	Skólastjórnendur, ritari og persónuverndarfulltrúi.	Vor 2021.	Skjalastefna tilbúin og verkáætlun yfir tiltekt í skjalasafni.	Unnið var í skjalageymslu haust 2020. Haldið áfram haust 2021. Eftir að vinna klára skjalastefnu.
Heimasíða	Haust 2020	Bæta því á heimasíðu sem vantar, fréttaveita virkari.	Fara yfir heimasíðu og skoða hvað hægt er að bæta. Gera fréttaveitu virkari.	Skólastjórnendur og tölvuumsjónarmaður.	Haust 2020	Skoða hversu margir skoða heimasíðu.	Unnið var í heimasíðu og hún bætt. Ánægja með heimasíðu meðal foreldra í könnun Skólapúlsins.
Sameiginlegt tölvusvæði stjórnenda.	Haust 2020	Að bæta aðgengi stjórnenda að sameiginlegum gögnum.	Setja upp sameiginlegt stjórnendasvæði á google drive. Færa gögn þangað.	Stjórnendur og tölvuumsjónarmaður.	Vor 2021	Svæði tilbúið á google drive.	Komið – eftir að vinna áfram og klára að flytja gögn af gamla svæðinu.

II hluti – Nám og líðan nemenda

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Skólapúlsinn Nemendur	Skólaárið	Þrautseigja í námi. Haldið áfram frá síðasta ári.	Markmið í kennarahópnum að vinna markvisst með þrautseigju í námi nemenda. Unnið í anda Growth mindset.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2021	Könnun Skólapúlsins í okt. og apríl.	Sjá niðurstöður sem fylgja. Þarf að vinna betur með þrautseigjuna en trú á eigin námsgetu kemur nú betur út á meðal nemenda í könnun Skólapúlsins.
Nemenda-Samtöl	Haust 2020	Að gefa rödd nemenda aukið vægi.	Skólastjórnendur/ iðjupjálfi eiga einstaklingssamtal við nemendur á unglingastigi. Haldið áfram frá síðasta ári.	Stjórnendur og iðjupjálfi	Vor 2021	Nemendakönnun.	Ákveðið á kennarafundi 10. júní 2021 að taka nemendasamtöl næsta skólaár.
Rafrænt nám nemenda	Vor 2021	Að fylgjst með áhrifun tæknivæðingar á nám nemenda.	Að leggja kannanir fyrir nemendur um áhrif aukinnar tækni og tölva á áhuga þeirra á námi og skóla.	Stjórnendur og kennarar	Vor 2021	Nemendakönnun.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.
Tölvur og tækni í kennslu	Vor 2021	Að fylgjst með áhrifun tæknivæðingar á störf kennara.	Að leggja kannanir fyrir kennara um áhrif aukinnar tæknig og tölva á kennsluna.	Stjórnendur.	Vor 2021	Könnun meðal kennara.	Náðist ekki. Fer yfir á áætlun næsta árs.
Agi og vellíðan	skólaárið	Að kennarar tileinki sér ákveðnar aðferðir/ hugmyndafræði sem stuðlar að bættri vellíðan og góðum bekkjaranda.	Jákvæður agi er agastefna skólans sem allir kennarar þurfa að tileinka sér. Mælt er með hugmyndafræði og æfingum Hugarfrelsis og Growth mindset (Hugarfar vaxtar).	Stjórnendur	Vor 2021	Fylgt eftir með námskeiðum og á fundum.	Vellíðan nemenda hefur aukist samkv. nemendakönnun Skólapúlsins. Sjá niðurstöður aftar í skýrslunni. Þrír kennarar sóttu tveggja daga námskeið um jákvæðan aga.
Heilsuefning	skólaárið	Áhersla lögð á hreyfingu, útiveru, slökun og andlega vellíðan.	Hreyfing sett inn í námsáætlanir, slökun og hugarfrelsisæfingar settar markvisst inn í stundatöflur.	Stjórnendur	Vor 2021	Metið með nemendakönnunum	Vellíðan nemenda hefur aukist samkv. nemendakönnun Skólapúlsins. Sjá niðurstöður aftar í skýrslunni.
Hugarfrelsi	Allt skólaárið	Að allir nemendur kynnist aðferðum hugarfrelsis og geti nýtt sér þær.	Aðferðir Hugarfrelsis notað í öllum bekkjum.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2021	Metið á kennarafundi.	Náðist ekki. Fer yfir á áætlun næsta árs.

III hluti – Foreldrasamstarf

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Kynning og námskeið um tölvur og tækni.	Skólaárið	Að foreldrar fræðist um forrit og öpp sem nýtist nemendum t.d. þeim sem hafa lestrarörðugleika. Að foreldrar geti fylgst með tæknivæðingu skólans.	Halda námskeið og kynningar fyrir foreldra um tölvur, tækni o.fl. Nýta menntabúðarformið til að halda kynningarnar. Kynna snjallvefjuna fyrir foreldrum.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2021	Í gegnum kannanir.	Haldin var kynning fyrir sveitarstjórn og skólanefnd. Vegna covid hafa foreldrar ekki komið mikið inn í skólann.
Líðan barna	Skólaárið	Að foreldrar og skóli taki höndum saman að vinna að forvörnum geðheilbrigðis og bættri líðan barna.	Fá kynningar fyrir foreldra um líðan barna og geðheilbrigði. Kynna Hugarfrelsi fyrir foreldrum.	Stjórnendur og kennara.	Feb. 2021	Foreldrakönnun.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.
Læsi/ lestur	Haut 2020	Að skapa samræðugrundvöll heimilis og skóla um lestur og læsi.	Haldið verður málþing meðal foreldra og kennara um læsi og lestur. Fá fræðilegan fyrirlestur.	Stjórnendur og kennarar.	Október 2020	Málþing haldið og samantekt.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.

IV hluti – Skólaþróun

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Útiskóli	Skólaárið	Að efla útikennsluna enn frekar og festa í sessi.	Framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár. Styrkja útikennslu á vorönn með námskeiðum og fá sérfræðinga í heimsókn. Festa ákveðin verkefni/ábyrgð á bekk.	Skólastjórnendur og fagteymi.	Vor 2021	Könnun að vori.	Foreldrafélög leik- og grunnskóla gáfu útiildunarstöð til skólanna. Góð viðbót í útikennslu sem hefur verið öflug í vetur. = kom fram í mati kennara að vori.
Tækni og tölvur	Skólaárið	Kennarar og starfsfólk lærir að nýta tæknina til góðs í skólastarfi.	Kennarar kenna kennurum. Einn fundur á mánuði notaðar í menntabúðir innan skólans.	Fagteymi í upplýsinga	Vor 2021	Könnun meðal kennara hvernig til tókst.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.

			Endurmenntun 5. og 6. nóvember í Skagafirði.	og tæknimennt.			
Læsi	Skólaárið	Skólinn tekur þátt í þjóðaátaki um læsi. Stefnan að bæta árangur nemenda í lestri.	Læsisstefna er tilbúin og unnið eftir henni skólaárið 2020 – 2021. Efnt til samæðupings um læsi með foreldrum og kennurum. Vinna með 3 orð á viku/ samverustundir/ efla orðaforða.	Skólastjórn-endur og kennarar.	Vor 2020	SVÓT – greining meðal kennara.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.
Heilsueflandi grunnskóli	Skólaárið	Að auka vitund skólasamfélagsins um mikilvægi heilsutengds lífstíls og tileinka sér hann.	Áhersluþættir ákveðnir að hausti. Fulltrúi heilsueflandi grunnskóla verður með kynningu að hausti og fundar með stýrihópnum.	Stýrihópur, fagteymi og stjórnendur.	Vor 2021	Mat að vori.	Náðist ekki v. covid. Fer yfir á áætlun næsta árs.
Heilsuefling	Skólaárið	Að kennarar noti með nemendum aðferðir til að ná ró á huga og líkama með það að markmiði að auka einbeitingu. Aðferðirnar eru notaðar til að ná betri bekkjarstjórn og vinna að bættri vellíðan nemenda.	Allt starfsfólk sótti námskeið í hugarfrelsi á síðasta skólaári. Námskeið um jákvæðan aga fyrir nýtt starfsfólk og 2-3 starfsmenn sækja helgarnámskeið að vori. Kennarar tileinka sér growth mindset (eflingu hugans). Passa að gæðahringir séu alls staðar nýttir í bekkjarstarfi.	Skólastjórn-endur og kennarar	Vor 2021	Skólapúlsinn og aðrar kannanir.	Hefur tekist vel í vetur að nota aðferðir Hugarfrelsis. Kennarafundur að hausti fer í að meta hvernig hefur tekist og setja skólanum markmið með vinnuna næsta skólaár.
Stoðkennsla	Skólaárið	Að þróa sérkennslu/ stoðþjónustu við nemendur með nýja tækni í huga og breytta kennsluhætti.	Stoðteymi skólans samanstendur af sérkennara, stjórnendum, tölvuumsjónaramanni og iðjupjálfa. Á skólaárinu verður lagt af stað í þróunarstarf til að einstaklingsmiða stoðþjónustu enn frekar og miða hana að nemendum.	Skólastjórn-endur og stoðteymi. Fagfundir.	Vor 2021	Metið á fagteymafundum og í stoðteymi.	Mörg góð skref hafa verið stigin í vetur. 20 nemendur nota sér ípada í námi og forrit sem lesa texta á íslensku, ensku og dönsku. Vinnan heldur áfram á næsta skólaári.

V hluti – Grunnþættir menntunar

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Lýðræði og mannréttindi	Skólaárið	Að vinna að jafnrétti og mannréttindum í skólastarfinu og kenna jafnréttishugsun.	Unnið að því að hjálpa fólki á flótta. (söfnum eða annað sem hjálpar) Unnið með ástand sem skapast vegna heimsfaraldurs. Halda málþing meðal nemenda um þennan málaflokk. Hvað getum við gert?	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2021	Skólapúlsinn, kannanir nemenda og starfsfólks.	Unnið með heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna á öllum skólastigum. Mikil umræða um lýðræði og mannréttindi og góð verkefnavinna.
Jafnréttis-áætlun	Skólaárið	Unnið eftir jafnréttisáætlun.	Jafnréttisnefnd skólans endurskoðar jafnréttisáætlun skólans. Farið yfir á fundum nokkrum sinnum yfir skólaárið.	Nefnd og stjórnendur.	Vor 2021	Jafnréttisáætlun á heimasíðu.	Verkefnið klárað og haldið áfram á næsta skólaári.

VI hluti – Umhverfismál – sjálfbærni

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Pappír, plöstun, ljósritun	Skólaárið	Að draga sem mest úr plöstun. Að minnka enn frekar pappírshotkun.	Ljósrita frekar á stífan pappa en að plasta. Draga sem mest úr ljósritun og prentun.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2021	Á matsfundum að vori.	Þemadagar að vori voru tileinkaðir sjálfbærni og unnið var með nemendum að fjölbreyttum verkefnum um umhverfismál. Umræða á kennarafundum um hvað við getum gert til að minnka prentun, ljósritun og plöstun.
Endurvinna	Skólaárið	Að nýta efni sem til fellur og endurnýta.	Reyna að vinna sem mest með endurunnið efni eða náttúrulegt sem mengar ekki.	Allt starfsfólk	Vor 2021	Á matsfundi að vori.	Á þemadögum um sjálfbærni unnu nemendur upp úr gömlum flíkum, bæði nytjahluti og ný föt. Á unglingastigi fóru fram

							útreikningar á verðmæti óskilamuna o.s.frv.
Umhverfið	Skólaárið	Huga að umhverfi skólans og umgengni almennt.	Hugsa um hvað við getum gert. Erum áhrifavaldar og það skilar sér inn á heimili nemenda og til alls samfélagsins.	Allt starfsfólk.	Vor 2021	Á matsfundi að vori.	Kartöflugarðar teknir upp að nýju og nemendur yngsta stigi og unglingastígs settu niður kartöflur að vor. Markvisst var farið í leiðangra til að týna upp rusl í umhverfi skólans og það flokkað.
Útikennslu-svæðið Aldisarlundur	Skólaárið	Bæta útikennslu-svæði skólans. Fá geymslu í Aldisarlund.	Fá geymslu fyrir eldunaráhöld o.fl. á útikennslusvæðið. Vinna að stígum o.fl. Trékollar/stubbar settir á skólalóð. Hægt að sitja og tálga eða hoppa á stubbunum. Útikennsludót í smíðastofu og í geymslu í Aldisarlundi.	Stjórnendur og teymi.	Haut 2020	Á matsfundi að vori.	Þetta gekk allt eftir og til viðbótar eignaðist skólinn útiöldunarstöð.

Niðurstöður Skólapúlsins – Nemendakönnun lögð fyrir í október 2020 og apríl 2021

Síðustu ár hafa kennarar Hrafnagilsskóla lagt áherslu á að vinna að heilsuefningu með nemendum bæði hvað varðar líkamlega- og andlega heilsu. Skólinn innleiddi Hugarfrelsi sem eru aðferðir til að auka vellíðan og kenna nemendum að nýta teygjur, öndun, slökun og hugleiðslu til að auka innri ró og hjálpa nemendum í hraða nútímans. Hreyfistöðvar voru settar upp í skólanum með upphíffingarstöngum og klifurvegg. Aukin hreyfing var sett inn á stundatöflur t.d. með reglulegum gönguferðum á unglingastigi.




Þrautseigja nemenda er eitt af því mikilvægasta fyrir nemendur að tileinka sér á skólagöngunni. Í umbótaáætlun síðasta skólaárs var lögð áhersla á efla þrautseigju nemenda. Ekki er hægt að greina sýnilegan árangur í niðurstöðum Skólapúlsins en haldið verður áfram og með verkefnum agastefnunnar Jákvæðs aga og aðferðum Carol Dweck, The Growth mindset, standa vonir um að árangur náist.

Hins vegar er ánægjulegt að sjá að nemendur hafa aukna trú á eigin námsgetu, hafa aukið sjálfstraust og einnig hefur vellíðan nemenda aukist og mælist langt fyrir ofan landsmeðaltal. Við teljum að þessi jákvæða þróun sé í takt við auknar áherslur í skólaþróun á heilsuefingu nemenda.

1.2. Þrautseigja í námi

Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandinn leggur sig fram. Hugtakið hefur fengið mikla athygli í tengslum við vinnu gegn brottfalli. Skilningur á því hvað hvetur nemendur til að læra er fyrsta skrefið í að skapa auðugt námsumhverfi sem hjálpar nemendum að læra á eigin forsendum.

*Tölfræðilega marktækur munur á hópum skv. ANOVA prófi.



Myndin sýr

2.3. Velliðan – Ársmeðaltöl

